

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/228**  
**komudagur 15.11.2013**

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

**Umsögn Samtöka um Nýja Stjórnarskrá (SaNS) vegna þingsályktunartillögu um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. 143. löggjafarþing 2013-2014, þingskjal 8 - 8. mál.**

SaNS lýsir yfir stuðningi við fram komna tillögu og hvetur alþingismenn til að virða afgerandi niðurstöður fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu á lýðveldistíma sem Alþingi sjálft hefur frumkvæði að. Þó svo að um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu hafi verið að ræða er ekki hægt að draga í efa pólitískt skuldbindingargildi þess skýra þjóðarvilja sem niðurstöðurnar skiluðu.

Um mitt sumar 2010 samþykkti Alþingi lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að markmið þjóðaratkvæðagreiðslu sé *"að veita hinum almenna borgara kost á að taka milliliðalaust þátt í ákvarðanatöku um lagasetningu eða eftir atvikum um tiltekin málefni í stað þess að ákvörðun sé tekin af þjóðkjörnum fulltrúum eins og almennt á við þar sem fulltrúalýðræði ríkir"*.

Af tæknilegum ástæðum getur þjóðaratkvæðagreiðsla að frumkvæði Alþingis ekki verið lagalega skuldbindandi. Eða eins og segir í fyrrnefndum athugasemdum: *"Til þess að niðurstaðan bindi hendur löggjafans þyrfti að koma til breyting á stjórnarskránni. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu getur því aðeins orðið ráðgefandi en engu síður er hún mikilvæg vísbending um þjóðarvilja varðandi tiltekið málefni sem þjóðkjörnir fulltrúar yrðu í raun að taka tillit til"*.

Þrívægis voru haldnar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur að frumkvæði Alþingis á síðustu öld, árin 1908, 1916 og 1933. Í öllum tilvikum fór Alþingi eftir niðurstöðunum. Á Norðurlöndunum hafa einnig verið haldnar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur frá því á öndverðri 20. öld, sex í Svíþjóð (1), sex í Noregi (2), tvær í Danmörku (3) og tvær í Finnlandi (4). Í öll skiptin virtu yfirvöld niðurstöðurnar.

Það er því ljóst að ef afgerandi vísbendingar um þjóðarvilja skila sér í lögmætri þjóðaratkvæðagreiðslu væri í fyllsta máta andlýðræðislegt að hunsa slíkar niðurstöður. Einnig fælust í því neikvæð skilaboð til kjósenda um að tilgangslaust sé að eyða tíma fólks og fjármunum í slíkar æfingar. Með öðrum orðum væri verið að spilla fyrir möguleikum á að halda fleiri sambærilegar þjóðaratkvæðagreiðslur, s.s. boðað hefur verið vegna áframhaldandi aðildarviðræðna við ESB, þar sem óvíst væri hvort mark yrði tekið á niðurstöðunum. Hvar væri Ísland þá statt sem lýðræðisríki?

Í umræðum um frumvarpið sem síðar varð að lögum nr. 91/2010 lýstu þingmenn allra flokka yfir áhuga sínum og stuðningi við þjóðaratkvæðagreiðslur, bæði að frumkvæði Alþingis og eins að frumkvæði kjósenda sjálfra. Það rímar vel við vilja yfirgnæfandi meirihluta kjósenda eins og hann birtist þann 20. október 2012. Sumir þingmenn

töldu þó mikilvægt að stjórnarskrárbinda slíkt til þess að tryggja lagalega bindandi niðurstöður. Fram komu efasemdir nokkurra þingmanna þáverandi minnihluta um að þingmenn þáverandi meirihluta myndu virða niðurstöðu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem ekki samræmdist þeirra pólitísku sannfæringu. Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins sagði það ekki geta gengið að Alþingi samþykkti með þingsályktunartillögu að farið yrði í þjóðaratkvæðagreiðslu, "*þjóðin segi já en af því að þingmenn eru ekki sammála þjóðinni munu þeir segja nei og hugsanlega fella það mál sem þjóðin sagði já við*". Annar þingmaður sama flokks sagði að verið væri að gefa kjósendum langt nef ef þingmenn virtu ekki niðurstöðu úr ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem væri ekki samhljóma eigin sannfæringu.

Umræðan um mögulegan aðildarsamning við ESB var þá mjög í deiglu. Þáverandi forsætisráðherra og aðrir þingmenn í hans liði lýstu því hins vegar yfir að þeir teldu sig bæði pólitískt og siðferðislega skuldbundna af niðurstöðu í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú sitja margir sömu þingmanna hinum megin borðsins og þurfa að takast á við þá siðferðislegu spurningu hvort þeir séu pólitískt eða siðferðislega bundnir af niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar þann 20. október 2012. Á vefsíðunni 20.oktober.is má sjá að mörgum reynist því miður erfitt að svara þeirri spurningu nú.

Ný stjórnarskrárnefnd hefur nú litið dagsins ljós, pólitískt skipuð af öllum stjórnsmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Þeirrar nefndar bíður það verkefni að skila Alþingi frumvarpi að nýrri stjórnarskrá í tæka tíð fyrir næstu alþingiskosningar. Frumvarpi þar sem tillögur Stjórnlagaráðs liggja til grundvallar og niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 í hávegum hafðar. Eðlilegt og sjálfsagt er að athugasemdir Fenejarnefndarinnar séu skoðaðar og mið tekið af þeim ef ástæða þykir til, sem reyndar hefur þegar verið gert af hálfu stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar síðasta þings. SaNS hvetur til þess að allir nefndarfundir verði opnir og í anda þeirra vinnubragða sem Stjórnlagaráð ástundaði. Stjórnarskrárgjafinn þarf að geta haft augu með því sem fram fer.

Reykjavík, 15. nóvember, 2013

F.h. Samtaka um Nýja Stjórnarskrá (SANS),

Sigurður Hr. Sigurðsson  
Þorvaldur Gylfason  
Sigríður Ólafsdóttir  
Hjörtur Hjartarson  
Lýður Árnason  
Örn Bárður Jónsson

1) [http://sv.wikipedia.org/wiki/Folkomröstningar\\_i\\_Sverige](http://sv.wikipedia.org/wiki/Folkomröstningar_i_Sverige)

2) <http://no.wikipedia.org/wiki/Folkeavstemning>

3a)

[http://en.wikipedia.org/wiki/Danish\\_West\\_Indian\\_Islands\\_sale\\_referendum,\\_1916](http://en.wikipedia.org/wiki/Danish_West_Indian_Islands_sale_referendum,_1916)

3b) [http://en.wikipedia.org/wiki/Danish\\_Single\\_European\\_Act\\_referendum,\\_1986](http://en.wikipedia.org/wiki/Danish_Single_European_Act_referendum,_1986)

4) [http://en.wikipedia.org/wiki/Elections\\_in\\_Finland#Referendums](http://en.wikipedia.org/wiki/Elections_in_Finland#Referendums)